
Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Saga verslunar og
utanríkisviðskipta. Fornleifarannsókn árið 2023 - 4. áfangi



Ragnheiður Gló Gyldfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gyldfadóttir

FS972-17254

Fornleifastofun Íslands

Reykjavík 2024



Á forsíðu má sjá ljósmynd af þunnum grip 2023-37-883 sem sýnir dönsku krúnuna. Líklega er um einhvers konar skreyti, mögulega af höfuðfati eða klæðnaði að ræða. Ljósmynd: Kristjana Vilhjámsdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

MÍ201706-0054

Þjóðminjasafnsnúmer

2023-37

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Fornleif númer 274. Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir, 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.*

Uppgrافتarskýrslur: Ágústa Edwald Maxwell, 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2022.

Stutt lýsing rannsókna

Fornleifarannsókn á svonefndum Vesturbúðarhól á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð var á Íslandi á einokunartímanum, með síðari tíma viðbótum. Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir eru því aðeins grunnar húsanna. Fornleifarannsókn á svæðinu er forsenda fyrir hugmyndum um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920 þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu á sögu verslunar á Eyrarbakka, sem og landinu öllu.

Tegund rannsókna

Vísindarannsókn

Staðsetning

Vesturbúðarhóll við Búðarstíg á Eyrarbakka, sveitarfélaginu Árborg.

GPS hnit

ISN93: A 393867 N 375262

Rannsóknartími

28.08.2023 til 08.09.2023.


Leyfishafi

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fjöldi starfsmanna

Fimm fornleifafræðingar

Staðsetningarkort



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins er sýnd með rauðum punkti.

Útdráttur

Rannsóknarsvæðið sumarið 2023 var 11,5x8 að stærð, alls um 90 fm². Ákveðið var að opna nýtt svæði, þ.e. vestasta hluta syðsta hússins og athafnasvæði á milli bygginga, sjá mynd 2. Alls hefur því um 330 fm² stórt svæði verið opnað á Vesturbúðarhól.

Yfirborðslög lágu yfir öllu svæðinu sem opnað var sumarið 2023 og veggir hússins urðu greinilegri þegar jarðlögin voru fjarlægð. Hreyfð jarðlög voru ofan á veggjum og innan hússins sem voru öll fjarlægð með handafla. Ekki er hægt að segja hvernig veggirnir eru gerðir eða hvort eldri byggingar séu undir sverði, einungist var grafið niður á veggina. Vestan við húsið kom í ljós lagnaskurður og frárennsli sem tengja má við uppbyggingu á innviðum bæjarins við upphaf 20. aldar.

Alls voru skráðir 4216 fundir undir 501 númeri við rannsókn á Vesturbúðarhól árið 2023. Þar af voru 2715 gripir á því svæði sem opnað var 2023 en 1416 gripir við hreinsun á eldra uppgriftarsvæði, þar sem stóðu húsið Fönix og sambyggð kolageymsla.

Lykilorð: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, verslunarsaga, 18. öld

Abstract

The fieldwork aimed to excavate the foundations of one of the buildings that belonged to the trading site. A new excavation area was opened, 90 fm in size. In total, the excavation area in Vesturbúðarhóll is about 330 fm. Only the surface layers were excavated and the top of the walls are visible so far.

In total 4216 artifacts were recovered, most from the new area. 1416 were also found lying on the surface within the older excavation area. The artifacts date the archaeology from the 18th to the 20th century.

Keywords: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, trade history, commerce, 18th century

Efnisyfirlit

1. Inngangur 9

Samfélagið 10

2. Verslunarminjar á Eyrarbakka 11

3. Rannsóknin 15

Aðferðafræði 15

Jarðvegssýni 16

Uppgröftur 16

Yfirborðslög [001] og [583] 17

Jarðlög [564], [571] og [578] 18

Undirstöður veggja [G582] og jarðlög sem tengjast byggingu hússins og viðgerðum 19

Mannvirki tengd starfsemi húsanna 20

Gripir 22

Gripir fundir á yfirborði innan Fönix/kolageymslu 23

Gripir af uppgraftarsvæði 2023: Krambúð/Pakkhús 27

4. Niðurstöður 34

Viðauki I: Einingaskrá 35

Viðauki II: Fundaskrá 36

Viðauki III: Ljósmyndaskrá 57

Heimildir 59



Mynd 2. Yfirlit af uppgriftarsvæðum á Vesturbúðarhól frá árinu 2017. Staki skurðurinn lengst til hægri var opnaður árið 2017, vestasta svæðið var rannsakað árin 2019 og 2021–2022 og svæðið í miðjunni var opnað sumarið 2023. Kortagerð: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

1. Inngangur

Vesturbúðin á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð voru á Íslandi á einokunartímanum með síðari tíma viðbótum. Vesturbúðarhóll er um 110 x 45 m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakkaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950.¹ Fornleifarannsókn á svæðinu er forsenda hugmynda Vesturbúðarfélgsins um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920, þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka.

Fjórði áfangi fornleifarannsókna á Vesturbúðarhól, Eyrarbakka, fór fram haustið 2023. Árin 2019–2022 var grafið í vestasta húsið en árið 2023 var ákveðið að opna nýtt svæði til suðausturs frá fyrra rannsóknarsvæði, sjá mynd 2. Á því svæði var vesturendi húss sem kallaðist m.a. Gamla og Nýja Krambúðin en undir lokin var það nýtt sem pakkhús. Ástæður þess að ekki var haldið áfram innan fyrra rannsóknarsvæðis tengjast m.a. áætlunum Vesturbúðarfélagsins um endurbyggingu húsanna, en sú vinna er enn á frumstigi. Hugmyndavinnan er þó hafin og m.a. verið að horfa til endurbóta og uppbyggingu á Poul Egedes hus í Ilimanaq í Grænlandi.² Uppgriftarsvæðið í ár var alls um 90 fm² og samanlagt er því búið að rannsaka um 330 fm² á Vesturbúðarhól.

Uppgröfturinn er fjármagnaður af Vesturbúðarfélaginu og hlaut rannsóknin styrk úr Fornminjasjóði árið 2023. Starfsmenn við uppgröftinn voru fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Brynja Árnadóttir, Helga Jónsdóttir og Stefán Ólafsson. Um úrvinnslu og ritun skýrslu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. Sólveig G. Beck sá um greiningu á steinum og Gavin Lucas greindi á leirker, gler og krítarpípur. Þeim eru færðar þakkir fyrir sitt framlag til þessarar rannsóknar.

Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkti enn fremur tillögu safnstjóra að safnið myndi styrkja við rannsóknina í formi vinnuáðstöðu í varðveisluhúsi sínu meðan á vettvangsvinnu stendur næstu ár. Þetta samstarf er mikilvægur hluti af þátttöku almennings og er starfsfólki safnsins færðar kærar þakkir fyrir samstarfið.

1 Lilja Árnadóttir 1989: 14.

2 https://issuu.com/realdaniaby/docs/ilimanaq_-_poul_egedes_hus_bygd_og_; https://www.arctictoday.com/greenlandic-restoration-project-earns-top-eu-cultural-heritage-award/?wallit_nosession=1: Guðmundur Ármann Pétursson, 2023.

Samfélagið

Stefnt er að því að rannsóknin sé að samfélagslegt verkefni og haldið var áfram á þeirri vegferð árið 2023.

Sveitarfélagið Árborg lagði rannsókninni lið með tveimur skiltum sem sett voru nærri uppgraftarsvæðinu. Á þeim eru upplýsingar um verslunarhúsin á Vesturbúðarhól sem og fornleifarannsóknina. Meðan á uppgræftri stóð kom vel í ljós að skiltin vöktu mikla athygli, fjölmargir stöldruðu þar við og kynntu sér rannsóknina.



Mynd 3. Annað skiltanna sem sveitarfélagið Árborg setti upp nærri uppgraftarsvæðinu.

Rannsóknin var kynnt með fyrirlestri Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur í Byggðasafni Árnesinga í lok október. Þar var farið yfir helstu niðurstöður hennar og næstu skref. Að auki mætti fulltrúi Vesturbúðarfélagsins og kynnti hugmyndir um uppbyggingu húsanna. Fyrirlesturinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður í kjölfarið.

Skiltin og kynningin í Byggðasafninu sýna vel hversu mikilvægt það er að miðla upplýsingum um framgang rannsóknarinnar til almennings. Uppgraftarsvæðið er í miðju þorpi, er áberandi og þar að auki á stað sem hefur mikla þýðingu í hugum margra heimamanna. Fólk á svæðinu hefur misjafnar skoðanir á rannsókninni sem og uppbyggingu húsanna en með auknu upplýsingaflæði, bæði um rannsóknina sem og markmið Vesturbúðarfélagsins er hægt að komast hjá ýmsum vandamálum. Að auki var leitað til heimamanna eftir fremsta megni við aðkeypta þjónustu.

2. Verslunarminjar á Eyrarbakka

Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka sem bera sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar suðurlands í rúmar tvær aldir vitni.³ Það eru sterkar líkur á að fyrir miðja 17. öld hafi verslunarbúðirnar verið í landi Einarshafnar fornu, um það bil þar sem nú eru sundtré vestan við þorpið, en það svæði er illa farið vegna ágangs sjávar (sjá mynd 4).⁴ Vesturbúðarhóll er í raun hið eina sem enn er varðveitt af verslunarstaðnum á Eyrum og á Eyrarbakka og stórmerkur minjastaður sem slíkur.



Mynd 4. Almenn er talið að Einarshöfn hin forna hafi verið nærri sundtré sem er skammt vestan við Eyrarbakka. Líkleg staðsetning bæjarins auk Einarshafnarvarar er sýnd á myndinni. ©Loftmyndir ehf

Sögu og uppbyggingu verslunarhúsanna sem og þeirra verslana sem voru á Vesturbúðarhól hefur ekki verið gerð fyllilega skil þrátt fyrir að tiltækar heimildir séu fjölmargar, ekki síst frá 19. öld. Fleiri staðir eru enn fremur innan Eyrarbakka sem tengjast Vesturbúðinni og uppbyggingu þorpsins með beinum hætti og áhugavert væri að tengja inn í rannsóknina. Hér neðar er stutt umfjöllun um hluta þessara staða.

Húsið er eitt helsta kennileiti Eyrarbakka og hýsir í dag sýningar Byggðasafns Árnesinga. Húsið var reist árið 1765 og var upphaflega heimili verslunarstjóra og annars

3 Ágústa Edwald Maxwell 2019: 85; Vigfús Guðmundsson 1945: 281; Margrét H. Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir 2015: 13; Guðmundur Þórarinnsson 1997: 20-21.

4 Sjá m.a. Ágústa Edwald Maxwell 2017: 4-7; Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981: 83-84.



Mynd 5. Húsið, Assistentahúsið og Kanínugarður sjást vel á þessari ljósmynd. ©Svanhildur Gunnlaugsdóttir. 2020, bls. 22.

starfsfólks Eyrbakkaverslunarinnar.⁵ Fleiri byggingar og mannvirki voru við Húsið sem tengja má við uppbyggingu verslunarinnar og daglegum rekstri þess. Assistentahúsið, var fyrst byggt eftir árið 1766 og þá norðan við Húsið. Árið 1881 var það endurbyggt vestan við Húsið og var það þá oftast kallað Vesturskemman.⁶ Norðaustan við Húsið má enn sjá sambyggð geymsluhús, fjós og hesthús. Þessum húsum er lýst í Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar árið 1916: „F. Geimsluhús 10 x 5, hæð 3,50, með torf og grjóttveggjum og timburþaki, mjög lítilfjörlegt [þetta hús virðist hafa verið endurbyggt árið 1918.] ... G. Fjós 7 x 6,50. V.hæð 1,50, ris 1,50. Steinsteipu veggir. Járnpak á borðaklæðningu. Gólf úr steinsteypu. ... H. Hesthús 3 x 5, vegggh. 1,50, ris 1 m. járn á rimlum, steinsteipugólf ...“.⁷ Kanínugarður er norðan við Húsið og sést enn vel. Þar voru ræktaðar kanínur til manneldis í kringum 1847-1886 en síðar grænmeti.⁸ Enn fremur má m.a. finna heimildir um Eggjaskúr, vagnskúr, reykhus og mjólkurskúr á þessu svæði og er þetta alls ekki tæmandi listi yfir starfsemina sem þarna fór fram. Við fornleifauppgröft árið 1995 fannst steinhleðsla meðfram suðurhlíð Hússins, sem líklegt er að hafi verið renna til að veita þakvatni frá húsinu. Þá fundust einnig hleðslur sunnan við austurstafn Assistentahússins, sem talið er að séu leifar af undirstöðum fyrir timburpall sem þar var.⁹

Sjóvarnargarður er meðfram ströndinni á Eyrbakka en tilurð hans má rekja til verslunarinnar. Árið 1785 er hætta vegna ágangs sjávar fyrst metin á Eyrbakka og í niðurstöðum skýrslu um það verk kemur fram að varnargarð þurfi fyrir framan verslunarhúsin og Húsið.¹⁰ Á árunum 1787 til 1799 var gerð tilraun með byggingu varnargarðs fyrir framan Vesturbúðarhól en hann eyðilagðist í Básendaflóðinu árið 1799 og þjónaði því ekki tilgangi sínum.¹¹ Það var ekki fyrr en eftir Básendaflóðið sem vinnan hófst að fullu og sjóvarnargarður

5 Gísli Gestsson. 1956: 60.

6 Guðmundur Þórarinnsson. 1997: 20.

7 Eiríkur Gíslason. 1916-1918: 4.

8 Svanhildur Gunnlaugsdóttir 2020, 22; Margrét H. Hallmundsdóttir 2022: 93-94.

9 Margrét H. Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir 2015: 56-57; Margrét H. Hallmundsdóttir ofl 2022: 82-84; Lýður Pálsson. 2001:3.

10 SB II 1981: 253-254.

11 Vígfús Guðmundsson 1945: 73-82.

hlaðinn fyrir framan Vesturbúðarhól og Húsið. Sjóvarnargarðurinn hefur verið lengdur og stækkaður í nokkrum áföngum síðan.



Mynd 6. Á myndinni má sjá tvö sjóvarnargarða, sé fremri er eldri og var gerður í nokkrum áföngum.

Vesturbúðarbryggja lá beint frá verslunarhúsunum að skipalægi kaupskipanna og enn má sjá móta fyrir henni í klöppunum framan við sjóvarnargarðinn (sjá mynd 6) vestarlega innan þorpsins. Þegar bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1903 er skoðuð sést að þetta er eina bryggjan á Eyrarbakka á þessum tíma (sjá mynd 7).¹²



Mynd 7. Bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1903 sýnir bryggjuna vestarlega innan þorpsins. ©Landmælingar Íslands.

12 Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1903, Svanhildur Gunnlaugsdóttir 2020: 30

Það er ljóst að möguleikar rannsóknarinnar til að draga fram aðra minjastaði sem tengjast uppbyggingu Eyrarbakka og sögu verslunarinnar eru miklir. Frekari tengsl við Byggðasafn Árnesinga eru til staðar og ávinningur gríðarlegur. Meðal annars væri hægt að merkja gamla Búðarstíg, milli Hússins og Vesturbúðarhóls, og gera gönguleiðir um þorpið með viðkomustöðum tengdum þessari sögu. Vinna við verndarsvæði í byggð¹³ er einnig góður grunnur sem hægt væri að byggja á.


3. Rannsóknin

Uppgraftarsvæðið er staðsett suðaustan við Búðarstíg 19 á Eyrarbakka, 30 m norðan við sjávarsíðuna. Áður en rannsóknir hófust mátti sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum á hólnum, og víða glitti í grjót upp úr grassverði.¹⁴ Eftir að verslunarhúsin voru rifin árið 1950 var lagður malarvegur yfir hólinn með tilheyrandi raski. Síðar var sett stytta á miðjan hólinn, fánastöng og hellulögð stétt undir líkan af síðasta skeiði verslunarhúsanna.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. *single context recording*), sem lýst er í uppgrftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹⁵ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Vesturbúðarhól. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið

að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarkeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgrafar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það



Mynd 8. Single context og Harris Matrix (<https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2>)

14 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2023:8.

15 Lucas, Gavin 2003.


á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)

Jarðvegssýni

Engin jarðvegssýni voru tekin þar sem ekki var komið niður á mannvistarlög sem gætu gefið frekari upplýsingar með sýnatöku.

Uppgröftur

Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust þann 28. ágúst 2022 og var lokið 8. september sama ár. Alls voru 3-5 fornleifafræðingar við störf hverju sinni meðan á rannsókninni stóð. Nýtt svæði var opnað til suðausturs frá fyrra rannsóknarsvæði, alls um 90 fm² (sjá mynd 4). Nýja uppgraftarsvæðið nær yfir vesturenda húss sem m.a. kallaðist Gamla og Nýja Krambúðin (undir lokin var þarna pakkhús) og nær til vesturs að fyrra uppgraftarsvæði sem rannsakað var



Mynd 9. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu með einingum. Allar mannvistarleifar sem voru grafnar fram árið 2023 sjást á myndinni.

2019-2022¹⁶ en á milli húsanna var opið svæði. Á einhverjum tímamarki lá járnbraut á milli þeirra en líklega hefur þetta alltaf verið athafnasvæði undir berum himni. Sumarið 2017¹⁷ var tekin könnunarskurður í gegnum svæði þar sem skrifstofur verslunarinnar voru, austan við pakkhúsið en húsin voru sambyggð (sjá mynd 2). Niðurstöður þeirrar könnunar gáfu til kynna að tvö byggingarstig hið minnsta séu hér að finna og líklegt að yngsta byggingin standi á röskuðum jarðlögum. Mögulega var þar önnur eldri bygging eða eitthvert athafnasvæði áður. Yngsta byggingin er líklega frá miðri 19. öld og eldra rask þar undir sem þó er ekki eldra en miðbik 18. aldar.¹⁸

Yfirborðslög [001] og [583]

Byrjað var á því afmarka nýtt uppgraftarsvæði og fjarlægja yfirborðslag [001] með handafli. Ekki var hægt að nota gröfu við vinnuna þar sem efsti hluti veggjanna sést á yfirborði víða og mjög grunnt er niður á fornleifarnar, (sjá mynd 10). Yfir suðurhluta svæðisins var sendinn, grýttur jarðvegur en til norðurs var sandurinn grófari og meiri mól í honum. Malargrús úr veginum sem lagður var yfir Vesturbúðarhól eftir 1950 var yfir stórum hluta



Mynd 10. Yfirborðslag [001] er neðarlega á myndinni.



Mynd 11. Jarðlag [583].

uppgraftarsvæðisins. Erfitt var að fjarlægja grúsina og verkið var seinlegt. Yfirborðslag [583] var vestan við húsið allt niður að fjöru og um sama lag og [001] að ræða.

16 Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2022; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir 2023.

17 Ágústa Edwald Maxwell 2017.

18 Ágústa Edwald Maxwell 2017; 11-12.

Jarðlög [564], [571] og [578]

Undir yfirborðslagi [001] voru sandlög [564], [571] og [578] sem virðast verða fyllingar og áfok. Þessi jarðlög bera vitni um mikið sandfok sem átti sér stað við Eyrarbakka og strandlengjuna suðvestanlands. Öll voru þau mjög blönduð og liggja upp að og yfir grjótundirstöðum hússins. Eins virðist sem sandur hafi verið settur ofan í undirstöður hússins eftir að það var rífið. Það vekur athygli að mun minna af grjóti er innan þessa húss en var innan Fönix. Ekki er ljóst af hverju það er enn sem komið er.



Mynd 12. Jarðlag [564] var víða innan uppgraftarsvæðisins og er um blandaðan sand að ræða.



Mynd 13. Þéttur sandur [571] var yfir steinum í norðvesturhorni hússins.



Mynd 14. Sandur [571].

Sandur [564] var nánast inni í öllu norðanverðu húsinu og yfir veggjum, sjá mynd 10. Hann var beint undir yfirborði [001] og mjög hreyfður. Sandur [571] var þéttur og mjög hreyfður. Hann var ofan á norðvesturveggnum, beint ofan á hleðslunni en fjaraði út til allra átta, sjá mynd 11. Helsti munurinn á þessu lagi og sandi [564] er þéttin, lag [571] var mun harðara. Lagið verður líklega til við niðurrif hússins, gripir í jarðlaginu voru bæði undir stóru grjóti og inn á milli steina. Sandur [578] var beint undir yfirborði í suðvesturhorni hússins, sjá mynd 12. Þetta er sandtunga ofan á vegg [570, 581]. Þetta er svartur sandur brandaður skeljum og líklega tilkomin eftir áfok.

Fjölmarginir gripir fundust í þessum jarðlögum, aðallega rúðugler, málmar, múrsteinar, byggingarefni og leirker.

Undirstöður veggja [G582] og jarðlög sem tengjast byggingu hússins og viðgerðum á undirstöðum

Allir steinar sem komu í ljós og tilheyra undirstöðum [G582], eða grunnni, hússins voru mældir upp og hverri hlið gefið einingánúmer til hagræðingar, sjá mynd 13. Ekki var lokið við að grafa niður fyrir veggina og í raun var efsti hluti þeirra einungis afhjúpaður, 1-2 umför af grjóthleðslu sjást því einungis enn sem komið er. Ekki ljóst hvort um fleiri en eitt byggingarstig er að ræða en það telst þó líklegt eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á.

Undirstöður, eða veggir, hússins eru keimlíkar á að líta. Þær eru grjóthlaðnar og grjótið er ekki tilhoggið né límt saman. Veggirnir virðast þó mjórri en í Föenix [G532], sem er vestasta húsið. Ekki er ljóst af hverju svo er, mögulega eru styrkingar eða viðgerðir á veggjum ekki eins miklar. Rannsóknum á veggjum hússins verður vonandi haldið áfram árið 2024 og betri mynd af ástandi og gerð þeirra kemur í ljós. Vestur- [579], norður- [580] og suðurveggur [581] eru allir varðveittir og á yfirborði mátti sjá glitta í steina þeim tilheyrandi áður en uppgröfturinn hófst. Norðurveggurinn virðist einna best varðveittur en rask er á suður- og vesturveggjum. Raskaður veggur [570] er líklega viðgerð í suðvesturhorni hússins, sandlag [578] fer þar undir.


Þverbíti [565] liggur þvert (A-V) í gegnum mitt húsið, sjá mynd 14 og 16. Hann er vel varðveittur og grjótið er fremur flatt að ofan. Hleðsla [577] er skammt sunnan við þverbíta [565], í suðurhluta hússins. Hleðslan er fremur umfangsmikil en hlutverk hennar er óþekkt enn sem komið er. Mögulega er þetta styrking við þverbítann, eldri veggur eða vísbending um timburvegg innan hússins. Það vekur þó athygli að frárennslisskurður [574] virðist stefna inn í




Mynd 15. [G582] eru veggir og aðar hleðslur sem tengjast undirstöðum hússins.



Mynd 16. Veggur [570] er raskaður og var í suðvesturhorni hússins.



Mynd 17. Þverbíti [565] lá eftir húsínu endilöngu.



Mynd 18. Teikning af burðarvirki hússins sem byrjað var að rannskaka árið 2023. Teikningin er gerð árið 1895 og varðveitt á Hérðasskjalasafni Árnesinga.

grunninn, á milli þverbitans og þessarar hleðslu. Þetta skýrist betur eftir því sem uppgreftri innan hússins verður haldið áfram.

Torflag [563], er beint undir efsta steinalagi norðurveggs [580] og þverbita [565], sjá mynd 18. Tilgangur þessa torflags er óþekktur en mögulega var það sett til að jafna steinana, eða undirlag, undir timbrið í húsunum. Það vekur furðu



Mynd 19. Hleðsla [577] liggur þvert í gegnum húsið, skammt frá þvervita [565]. Hún er ofar á myndinni og örlítið umfangsminni er þverbitinn.




Mynd 20. Torflag [563] sést vel á myndinni.

að þetta torflag, eða reiðingur, liggur í norður-suður, á milli þverbitans og norðurveggjar í austurenda uppgriftarsvæðisins. Þar er ekki hlaðinn veggur, einungis steinar á stangli. Það eru mögulega vísbendingar þess að timburveggur hafi verið þarna en hann fjarlægður. Eins gæti þetta verið vísbending um herbergi innan hússins.

Mannvirki tengd starfsemi húsanna

Viðarplanki [562] úr eik, lá austur-vestur á milli húsanna sem hafa verið afhjúpuð. Hann tilheyrði hliði sem var á milli húsanna og staðsetning þess er sýnd á teikningu frá 1912. Eins má sjá það á gömlum ljósmyndum. Þétt og troðið undirlag [576] var norðan við planku [562], ofan í skurði [584]. Þetta var líklega gert í þeim tilgangi að styrkja hliðið sem var byggt ofan á plankanum.

Vestan við húsið og sunnan við planku [562] komu í ljós jarðlög og mannvirki sem



Mynd 21. Eikarplanki [562].



Mynd 22. Undirlag [576] sást vel norðan við plankann.

tengja má við uppbyggingu á innviðum þorpsins við upphaf 20. aldar. Frárennsliskurður [G575] samanstendur af skurði [574] og fylling [566] er ofan í honum. Skurðurinn liggur til vesturs frá húsinu, ofan í honum er timburstokkur, líklega skólpræsi. Járnhlíf var yfir hluta stokksins. Innan fyllingarinnar er hola [567] en hún er líklega ekki manngerð heldur myndast þegar stokkurinn fellur saman. Timburstokkurinn var ekki fjarlægður og árið 2024 verður rannsóknum vonandi haldið áfram á þessum jarðlögum og mannvirkjum.



Mynd 23. Skurður [574] og fylling [566] sjást vel á myndinni.



Mynd 24. Timburstokkur ásamt járnhlíf voru ofan í skurði [574].

Raflagnaskurður [573] liggur til suðvesturs, vestan við húsið. Fylling [569] var ofan í honum. Þessi skurður er grafinn í gegnum eldri skurð [568] sem liggur til suðurs frá hliði [562]. Skurður [572] sést sunnan við raflagnaskurðinn og tilheyrir hann eldri skurðinum.

Fylling [569] er ofan í þessum skurði líka.




Mynd 25. Skurður [573] sést vel á myndinni, skalinn er ofan í eldri skurði [568/572]

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlægum gripir koma, eru eininganáúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹⁹

Alls voru skráðir 4216 fundir undir 501 númeri við rannsóknir á Vesturbúðarhól árið 2023. Þar af voru 2715 gripir á því svæði sem opnað var 2023 en 1416 fundust við hreinsun á



Stöplarit 1. Yfirlit um skiptingu gripa eftir svæðum og efnisflokkum.

19

Lucas, Gavin 2003.

eldra uppgraftarsvæði, þar sem stóðu húsið Fönix og sambyggð kolageymsla. Að auki fundust 84 gripir við hreinsun fast norðan við kolageymsluna og einn lausafundur. Áhugavert er hversu margir gripir fundust við Fönix og kolageymsluna þar sem svæðið var autt þegar skilið var við það í lok rannsóknar 2022 og ekki var unnið á þessu svæði við rannsóknina 2023 að öðru leyti en að gripir á yfirborði voru tíndir upp. Gripafjöldinn endurspeglar líkast til hversu mikil hreyfing er í sandinum á svæðinu, en áberandi hefur verið fyrri ár rannsóknarinnar að gripir í allmörgum jarðlögum eru töluvert blandaðir þegar litið er til aldurs.

Um fjöllum um gripina hér á eftir verður skipt í tvennt, og verður annars vegar fjallað um gripi sem fundust við hreinsun og hins vegar um gripi sem fundust við uppgröft á nýja svæðinu sem opnað var 2023. Yfirlit um skiptingu gripa eftir svæðum og efnisflokkum má sjá í stöplariti 1.

Varðveisla gripanna er nokkuð mismunandi. Glergripir eru almennt vel ágætlega varðveittir en elstu glergripirnir hafa margir nokkuð veðrað yfirborð. Leirgripir eru sömuleiðis í góðu ásigkomulagi, en múrsteinar þó margir mjög auðmuldir. Málmgripir eru flestir mjög tærðir og er járn einkum hulið þykkum ryðhjúp, enda er uppgraftarsvæðið nærri fjöru og selta og raki því mikill. Varðveisla beina er ágæt, en lítið er um aðrar lífrænar leifar. Þó fundust tveir viðargripir en báðir þeirra eru nokkuð illa farnir.

Gripir fundir á yfirborði innan Fönix/kolageymslu

Málmur

Járn

Alls fundust 176 járngrípír við yfirborðshreinsun innan fyrri uppgraftarsvæða. Þar af var hátt í helmingur líklega naglar, alls 78 talsins. Aðeins voru þó 39 þeirra með haus og er greining hinna gripanna sem nagla ekki alveg örugg. Einnig fannst ein skrúfa <2023-37-896> með skinnu úr hvítum málmí en 15 skrúfur af sömu gerð fundust á uppgraftarsvæðinu sem opnað var.

Töluverður fjöldi fannst af þynnum, alls 28, sem líklega voru margar upphaflega hluti af íláti, s.s. dós, en fimm brotanna voru af brún. Gripir af öðrum tegundum sem hægt var að greina voru 14 talsins og voru þeir m.a. festingar, vírbútar, rör og keðja. Ekki var hægt að greina til tegundar um þriðjung gripanna, 55 talsins, í flestum tilvikum sökum þykkis ryðhjúps.

Leir

Leirker

Við hreinsun fundust 29 brot af leirkerjum. Ekki var hægt að greina hvert hlutverk brotanna hafði verið en þau brot sem hægt var að aldursgreina voru öll frá 17. - 18. öld. Meira en helmingur þeirra var rauðleir, 18 talsins, þar af fimm hornmáluð brot.

Eitt brot af steinleir <2023-37-702> fannst við hreinsun. Brotið er frá 17. eða 18. öld, og er líklega frá Frechen, Þýskalandi.

Fimm brot voru úr hvítum jarðleir, þar af fjögur sem flokkuðust sem *white ware*, en eitt *pearlware* <2023-37-707>. *Pearlware* brotið er brún af bolla eða skál frá seinni hluta 18. aldar eða fyrri hluta 19. aldar. Hlutverk hinna brotanna er óþekkt, en þau eru öll frá 19. öld eða síðar.

Önnur fimm brot voru úr postulíni, þar af 2 brot af undirskál frá seinni hluta 19. aldar <2023-37-703> og tvö brot af brún, mögulega úr sömu krukkunni.

Krítarpípur

Alls fundust 46 krítarpípubrot við hreinsun í og við Fönix og kolageymsluna. Þar af voru níu hausbrot en 37 leggir. Öll krítarpípubrotin, að þremur frátöldum, voru þússuð. Þau hausbrot



Mynd 26. Krítarpípubrot <2023-37-680> fundust öll við hreinsun í kolageymslu.

sem hægt var að greina voru öll frá 18. öld og í tilviki pípu <2023-37-680> má afmarka það við seinni hluta aldarinnar. Flest brotin voru óskreytt en einn leggur, skráður undir <2023-37-680> er ristur með sveigðum línunum og strikum.

Einn lausfundinn leggur <2023-37-695> fannst við rannsóknina að auki. Brotið er merkt „IN GOUD[A]“, þ.e. frá Gouda, Hollandi, og er eina krítarpípubrotið með áletrun sem fannst við rannsóknina þetta árið.

Múrsteinar

Múrsteinsbrot voru alls 774, flest lítil, og var þyngd þeirra alls um 4,4 kg. Stærsta brotið sem fannst var um 12 cm á lengd, en ekki fundust nein brot með fulla lengd, breidd eða hæð. Múrsteinsbrotin voru flest ljósrauð en einnig fundust gul og dökkrauð brot.

Annar brenndur leir

Leirgripir af öðrum tegundum voru tvenns konar. Annars vegar fundust 26 brot af rauðleir, líklega þakflísar. Hins vegar fannst eitt brot af einangrun úr postulíni.

Gler

Alls fundust 225 glergripir við heinsun árið 2023. Flest þeirra eru frá seinni hluta 19. aldar og 20. öld.

Ílát

Gler úr flöskum og öðrum ílátum voru 83 talsins. Um þriðjungur brotanna voru græn – rúmur helmingur ef tekin eru með skær-, fól- og blágræn brot. Tæpur fjórðungur brotanna voru glær, en einnig voru nokkur brún, gulbún og blá brot.

Fjögur skærgræn brot sem fundust eru öll frá 20. öld, en að öðru leiti var ekki hægt að segja til um aldur annarra brota, að frátöldum bláu rífluðu broti <2023-37-757> og gulbrúnu broti úr flösku eða krukku < 2023-37-756>, sem bæði eru frá seinni hluta 19. aldar eða síðar.

Rúðugler

Brot sem örugglega voru úr rúðum og fundust við hreinsun voru 137 talsins. Af þeim voru 57 fólgræn, mörg þeirra nokkuð veðruð. Hin 80 brotin voru glær en meiri en helmingur þeirra þunn, og gætu þau verið frá seinni hluta 19. aldar en þykkari brotin eru öll frá 20. öld.

Annað gler

Tvö flöt brot (skráð undir <2023-37-764> og <2023-37-836>) fundust við heinsun. Óvíst er hvort eru úr íláti eða rúðu. Einnig fundust þrjú brot af lampagleri <2023-37-754>.

Bein

Dýrabein voru 108 talsins og um 338 g. Beinin hafa ekki verið greind til tegunda en um er að ræða bæði spendýra- og fiskbein. Þau eru líkast til að mestu matarleifar eða úrgangur úr sláturhúsi sem starfrækt var vestan við Fönix.

Steinn og byggingarefni

Steinn

Níu steingripir fundust við hreinsun. Þar af voru tvö lítil brot af þakskífum úr skífubergi < 2023-37-1033> og <2023-37-1034>. Hinir gripirnir voru tinnusteinar, þar af voru fjórir líklega innfluttir en ekki var hægt að skera úr um hina þrjá. Einn steinanna er líklega flinta (skráður undir <2023-37-1050> en hin brotin eru líklega afgangur/brottkast sem orðið hefur til þegar flintuhnyðlingar hafa verið unnir.

Byggingarefni


Alls fundust 16 gripir sem flokka má sem byggingarefni, þ.e. brot af steinlími og steypu.

Kol

Skráð voru 88 kol, þar af tveir litlir molar af viðarkolum <2023-37-1075>. Hin brotin voru öll steinkol, flest lítil brot, samtals um 575 g.

Gerviefni

Tveir bútar af appelsínu netagarni fundust við hreinsun á svæðinu, báðir af sömu tegund.



Stöplari 2 og 3.

Gripir af uppgraftarsvæði 2023: Krambúð/Pakkhús

Gripirnir sem fundust á uppgraftarsvæðinu sem opnað var 2023 fundust flestir í yfirborðslagi [001], 1183 talsins, eða tæp 70% gripa af svæðinu. Það jarðlag sem næstflestir gripir fundust í var yfirborðslag [583] milli Krambúðarinnar/pakkhússins og Fönix, en þar fundust 326 gripir, 12% gripa af svæðinu. Skiptingu funda eftir einingum má sjá í stöplaritum 2 og 3.

Málmur

Járn

Af þeim málmgripum sem fundust við rannsóknina var mikill meirihluti, tæp 98%, úr járn, og voru gripirnir 1095 talsins. Af þessum 1095 gripum voru 748 líkast til naglar eða boltar, eða um 68%. Ekki er þó í öllum tilvikum fullvíst að um nagla sé að ræða en af þeim gripum sem flokkaðir voru sem naglar eða bolta voru 435 með haus, og er greining þeirra öruggari.

Einnig fundust tveir skrúfboltar, ein skrúfa með skinnu og ró, tvær rær með leifum af skrúfu og ein stök ró. Að auki fundust 15 skrúfur sem allar voru af sömu gerð, með stóran rúnaðan haus (<2023-37-931>, <2023-37-932>, <2023-37-933> og <2023-37-1014>). Ein samskonar skrúfa fannst við hreinsun á eldra uppgraftarsvæði. Fimm skrúfanna voru með skinnu úr hvítum málm.

Fjóra gripi mátti flokka sem festingar og að auki fannst eitt brot af hjörum <2023-37-948> og tvær girðingarlykkjur.

Gripur <2023-37-950> er vírhandfang, líklega af fötu. Sveigð járnstöng <2023-37-951> er einnig mögulega handfang.

Þrjú samstæð sveigð brot <2023-37-971> gætu hafa verið hluti af hellu á eldavél, tvö kúpt brot <2023-37-946> eru líklega út íláti með hvítri emaleringu að innanverðu.

Eitt brot af hníf <2023-37-944> fannst við rannsóknina. Blað hnífsins hefur verið rúmlega 9 cm langt og hefur hnífurinn haft tréskaft, en vottur af málmsteindum viðarleifum er við tanga. Gripur <2023-37-945> er líklega tangi, og hefur þá mögulega verið af hníf eða verkfæri. Annar gripur sem líklega er einnig verkfæri er <2023-37-1000>. Verkfærið er með leifum af tréskafti, en part vantar sem festur hefur verið á fremri hluta þess. Verkfærið er með fremur langan „háls“ en gæti hafa verið spaði, eða annað slíkt.

Járngripur <2023-37-1174> líkist lykli sem haft hefur þríhyrningslaga auga. Sé um hefðbundin lykil að ræða hefur skeggið brotnað af lyklinum, en annar möguleiki er að um dósauptakara sé að ræða, „snúningslykil“, og er raufin í lyklinum þá líklega hulin ryði. Einnig

fundust þrír flöskutappar, s.s. af gos- eða bjórflöskum.

Töluverður fjöldi brota af vírköplum hafa fundist við rannsóknina síðustu ár og bættust 72 slík brot við árið 2023, bæði af sex og þriggja þátta köplum. Aðrir járngripir sem fundust voru vírbútar, rör, teinar, skífur og þynnur og fleiri gripir sem ekki var hægt að greina frekar, auk járngripa með svo þykkan ryðhjúp að ekki var hægt að greina upphaflega lögun gripsins með berum augum.

Hvítur málmur

Sex gripir voru úr hvítum málmum sem ekki hefur verið greindur nákvæmlega, auk þeirra fimm járnskrúfa með skinnu sem áður hafa verið nefndar. Þar af voru tvær skinnur af sömu gerð og voru á skrúfunum.


Aðrir gripir eru tvær eins Z-laga festingar <2023-37-888> og <2023-37-983>, báðar með leifum af illa förnum járnöglum. Einnig fundust viðarskrúfa <2023-37-890> og þynna <2023-37-891>.

Koparblanda

Gripir úr koparblöndu voru 16 talsins. Meðal gripanna voru þrjár myntir. Ein þeirra var 1 eyrir íslenskur frá 1953 <2023-37-871>, en hinar tvær <2023-37-872> og <2023-37-879> eru líklega töluvert eldri. Myntirnar eru afar illa farnar, en mjög óljóst markar þó fyrir áletrunum sé ljósi skinið á þá frá hlið. Þær eru líkast til danskir skildingar, líklega frá tíð Christians VII á seinni hluta 18. aldar.



Mynd 27. Það mótar fyrir stóru C á mynt <2023-37-879>, líklega er hún frá seinni hluta 18. aldar.



Mynd 28. Merki <2023-37-883> var líklega af fatnaði en ekki hefur tekist að greina uppruna þess.

Merki <2023-37-883> fannst í lagi [583] milli Fönix og Krambúðarinnar. Merkið gæti hafa verið af kasketi eða kraga og sýnir kross með sex arma stjörnu í miðju, undir kórónu. Ekki hefur enn tekist að finna uppruna merkisins.

